



77. ÍPRÓTTAÞING ÍSÍ

REYKJAVÍK NATURA

16. – 17. MAÍ 2025

Þingskjal nr. _____

Áskorun um stuðning við svæðisstöðvar íþróttahéraða Flutningsaðili: Framkvæmdastjórn ÍSÍ

77. Íþróttapíng ÍSÍ, haldið 16. til 17. maí 2025, á Berjaya Reykjavík Natura hótél, skorar á stjórnvöld að styðja fjárhagslega við svæðisstöðvar íþróttahéraða og Hvatasjóð íþróttahreyfingarinnar til næstu ára með það að markmiði að efla íþróttastarf um land allt.

Greinargerð:

Á 76. Íþróttapíng ÍSÍ 2023 og Sambandsþingi UMFÍ 2023 var samþykkt tillaga um skipulag íþróttahéraða. Tillagan fól í sér að ÍSÍ, í samráði við UMFÍ og íþróttahéruðin, ynni að því að setja á laggirnar starfsstöðvar um landið, til stuðnings íþróttahéruðum landsins. Verkefnið fæli hvorki í sér breytingu á lýðræðislegri skiptingu íþróttahéraða né breytingar á atkvæðaskiptingu á þíngum ÍSÍ og UMFÍ. Skilyrði fyrir slíkum starfsstöðvum var að hægt yrði að tryggja fjárstuðning frá ríkinu til verkefnisins, með hliðsjón af svæðisskiptum verkefnum ríkisins sem falla vel með verkefnum og skyldum íþróttahreyfingarinnar.

Í nóvember 2023 undirritaði Ásmundur Einar Daðason mennta- og barnamálaráðherra viljayfirlýsingu þess efnis að setja á laggirnar átta starfsstöðvar ÍSÍ og UMFÍ á landsvísu til að þjónusta íþróttahéruðin í landinu. Horft var til samlegðar áhrifa við svæðisskipt verkefni ríkis og sveitarfélag.

Í viljayfirlýsingunni kom fram að ráðuneytið leggi til 400 m.kr. til verkefnisins á næstu tveimur árum. Framlaginu var ætlað að styðja við uppbyggingu stöðvanna og meðal annars koma á fót hvatasjóði til að stuðla að aukinni þátttöku barna og ungmenna í íþróttum, með áherslu á börn með fötlun, börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn og börn frá tekjulægri heimilum.

Svæðisstöðvunum er ætlað að styðja við íþróttahéruð landsins við innleiðingu á stefnu íþróttahreyfingarinnar og ríkisins í íþróttamálum auk þess að fylgja eftir ofangeindum áherslupáttum ráðuneytisins.

Hlutverk svæðisstöðva íþróttahéraðanna er að þjónusta íþróttahéruðin í nærumhverfi sínu með samræmdum hætti. Horft er til þess að sterkari íþróttahéruð og svæðisstöðvar um allt land auki skilvirkni innan íþróttahreyfingarinnar og geri þeim kleift að takast á við núverandi og fyrirséð verkefni. Styrkja stefnumótandi vinnu og aðgerðir á landsvísu og stuðla þannig að farsæld barna og annarra sem nýta þjónustu hreyfingarinnar.

Framtíðarsýn með fyrirkomulagi svæðisstöðvanna er að fyrirkomulagið skili sér í betri nýtingu á mannauði. Stuðningur við einstaka íþróttafélög verði meiri og þar af leiðandi verði þjónusta við

Vísað til: ☐ Laganefndar ☐ Fjárhagsnefndar ☐ Allsherjarnefndar ☐ Afreksnefndar

77. ÍPRÓTTAÞING ÍSÍ

iðkendur betri. Jafnframt er það framtíðarsýn að sem flestir hafi tækifæri til að stunda íþróttir á því sviði sem þeir kjósa, hvort heldur til ánægju, heilsubótar eða með afreksárangri að markmiði.

Svæðisstöðvarnar hafa nú þegar styrkt samvinnu innan íþróttahreyfingarinnar og stuðlað að fjölbreyttari og aðgengilegri íþróttastarfsemi fyrir börn og ungmenni. Á fyrsta hálfu árinu unnu svæðisfulltrúar íþróttahéraða að 52 verkefnum, þar af 42 nýjum verkefnum, sem snúa að aukinni þátttöku barna í íþróttum, jöfnun aðgengis og eflingu samstarfs hagsmunaaðila. Verkefnin hafa m.a. leitt til:

- Aukins framboðs á íþróttagreinum og nýrra úrræða fyrir börn með fötlun.
- Samþættingar íþróttar- og skólastarfs.
- Aukinnar þátttöku barna af erlendum uppruna, m.a. með móttökuaðgerðum og kynningarbæklingum á fjölda tungumála.
- Stuðnings við þjálfara og íþróttafélög í formi fræðslu og verkfæra sem veita aðstoð til faglegrar umgjörðar.

Unnið hefur verið að greiningu á hverju svæði fyrir sig, gerð mælikvarða fyrir áhersluþætti verkefna stöðvanna, aukinni samvinnu og samstarfi hagaðila um íþróttir á svæðunum. Með markvissri aðkomu svæðisfulltrúa hefur orðið til aukin vitund um mikilvægi framboðs af íþróttastarfi og fjölbreyttra úrræða fyrir börn og ungmenni. Ein helsta niðurstaða þessara fyrstu mánaða sem svæðisfulltrúar voru að störfum er mikilvægi þess að efla og auka markvisst samstarf skóla, sveitarfélaga og íþróttafélaga til að:

- Tryggja samlegðaráhrif skipulagðs íþróttastarfs og skólastarfs.
- Stuðla betur að því að öll börn hafi sem jöfnust tækifæri til þátttöku í skipulögðu íþróttastarfi samhliða skólagöngu.
- Nýta betur alla íþróttaaðstöðu.
- Stuðla að auknum stuðningi við börn með fjölbreyttan bakgrunn.
- Ná fram heildstæðari stefnu sem stuðlar að velferð og farsæld allra barna í samfélaginu.
- Fjölga íþróttatilboðum til barna með fötlun.
- Skapa sterkara stuðningsnet fyrir börn með fötlun og fjölskyldur þeirra.
- Auka faglegt starf og sérþekkingu, bæði í skólum og í íþróttahreyfingunni.
- Tryggja betur aðgengi barna frá tekjulægri heimilum að íþróttum.
- Vinna að hagkvæmum lausnum og stuðningskerfum.

Svæðisstöðvarnar hafa farið vel af stað og hafa fært ÍSÍ og UMFÍ nánari innsýn á íþróttastarfið í íþróttahéruðum um allt land, tækifæri og áskoranir. Landssvæðin eru jafn ólík og þau eru mörg og þarfirnar þar af leiðandi ólíkar. Með tilkomu svæðisstöðvanna þá getur íþróttahreyfingin mætt áskorunum og þörfum á hverju svæði fyrir sig með úrlausnum sem eru meira klæðskerasniðnar að viðkomandi svæði.

Í stefnumótun stjórnvalda í íþróttamálum 2019 -2030 er lögð áhersla á að efla starfsgrundvöll íþróttasamtaka og íþróttafélaga með vel skilgreindum langtímasamningum við íþróttahreyfinguna.

Þar segir ennfremur: „Íslenskt samfélag hefur tekið miklum breytingum á undanförunum árum. Hlutverk starfseininga í íþróttastarfinu hefur eðlilega breyst mikið á sama tíma. Mikilvægt er að hlutverk og skipulag allra starfseininga sé í stöðugri skoðun. Endurskoða mætti verkefni, fjölda og skipulag íþróttahéraða landsins. Mikilvægt er að auka samvinnu Íþróttar- og Ólympíusambands Íslands og Ungmennafélags Íslands til að einfalda, styrkja og samræma verkefni.“